

Fundargerð

Starfshópur um fátækt barna.

Fundur haldinn kl. 13:30, 27. apríl 2022 í bæjarráðssal.

Mættir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Björn Páll Fálki Valsson, Linda Hrönn Þórisdóttir og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálsviðs sem ritaði fundargerð.

Soffía Ólafsdóttir boðaði forföll.

1. Kolbeinn Hólmar Stefánsson, lektor við HÍ mætti til fundarins. Fram kom hjá Kolbeini að barnafátækt er vandi en sem betur fer ekki mjög stór en um óásættanlegt vandamál er að ræða sem hægt er að vinna gegn og leysa.

Börn sem eiga foreldra sem eru öryrkjar og börn einstæðra forelda eru í áhættu á að búa við fátækt. Húsnæðispátturinn er síðan stór áhrifaþáttur hvað varðar fátækt fjölskyldna. Örir flutningar sem fylgir ótryggu húsnæði, há húsaleiga, börn festa ekki rætur o.s.frv. Félagsleg blöndum skiptir miklu máli, félagslegt húsnæði sé t.d. ekki auðkennanlegt.

Fyrirmyndir skipta miklu máli. Börn menntaðra foreldra eru mun betur sett en börn ómenntaðra foreldra.

Fram kom hjá Kolbeini að greina þarf betur stöðu barna af erlendum uppruna.

Lesblind börn og börn með adhd eru einnig í áhættuhópi.

Skólamáltíðir, skipta miklu máli. Umræða varð um að ekki sé sjálfgefið að skólamáltíðir séu án endurgjalds og þarf að greina það mál betur.

Mikilvægt er að börn líði ekki fyrir skuldir foreldra.

Fara þarf vel yfir verkefni sveitarfélaga og hvernig hægt er að bregðast við til að koma í veg fyrir fátækt barna. Umræða varð um íþróttastarf, skólamáltíðir, aðkomu félagsþjónustu o.fl.

Mikilvægt skref er að tryggja félagslegt öryggi.

2. Næsti fundur starfshópsins verður kl. 8:30 þriðjudaginn 2.maí. Á fundinn mætir sérfræðingur frá Barnaheillum og kynnir nýjustu skýrslu Save the Children.

Fundi slitið kl. 14:30